

Flottur ljós- myndari

Ísfirðingurinn Helga Lind Mar er flottur áhugalljós-
myndari. Hún sýnir lesend-
um BB nokkrar mynda-
sinna í blaðinu í dag. Sjón
er sögu ríkari.

— sjá bls. 16 og 17



Hugsjónamaður á Hrafnseyri

Valdimar Jón Halldórsson hefur verið staðarhaldari á Hrafnseyri við Arnarfjörð frá 2005. Hann kenndi við Menntaskólann á Ísa-
firði í ein fjögur ár og hafði áður verið starfandi í Kaupmanna-
höfn. Hann býr á Suðureyri við Súgandafjörð með Ísfirðingnum
Ólöfu B. Oddsdóttur, enda uppalinn Súgfirðingur frá fyrstu tíð.
Hann er mannfræðingur að mennt frá Árósháskóla og hefur
starfað við þróunarstörf, bæði fyrir Þróunarsamvinnustofnun
Íslands og erlendar stofnanir. „Í mannfræðinni er mikið
fjallað um hefðir, venjur og líf fólks í hinum ýmsu samfé-
lögum sem byggja þessa jörð,“ segir Valdimar.



— sjá bls. 14 og 15.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 25. júlí 2013 · 29. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Hart barist í sjósundi!



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband
sími: 456 6600



- HAMRAD GLER
- SPEGLAR
- SANDBLÁSÍÐ
- OG MARGT FLEIRA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1969

Íspan
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 · KÓPAVOGI · 54 54 300 · SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar
frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á
augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt
leiðakerfi Elmskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín
kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fjótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Þorláksmessa að sumri

Þorláksmessa að sumri var haldin hátíðleg í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað í hádeginu á laugardag. Þar bauð Lionsklúbbur Ísafjarðar gestum upp á kæsta skötu sem klúbbfélagar sjálfir

meðhöndla af sinni alkunnu snilld. Vert Tjörúhússins, Magnús Hauksson, kokkaði skötuna í samvinnu við Lionsmenn. Að sögn Kára Þórs Jóhannssonar, fisksala á Ísafirði og eins for-

sprakka Lionsklúbbsins, var ágætis mæting. „Það voru allir mjög ánægðir og bragðið bar af. Skemmtilegt var að sjá ferðmenn af erlendu bergi brotnu fitja upp á nefið þegar þeir vöppuðu þarna

í kringum húsið. Þeir voru þarna að skoða minjasafnið og höfðu líklega ekki gert ráð fyrir illa lyktandi safnsferð,“ segir Kári glettilega.

„Þetta er mjög þarft framtak og brýtur aðeins upp tilveruna. Það væri gaman að sjá hvort fengist ekki næg þátttaka til að vera með heila skötu hátíð í kringum þennan dag. Svipað og Kjöt-

súpuhátíðin á Hvolsvelli,“ segir Kári. Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli fer þannig fram að bæjarbúar bjóða þeim sem vilja í súpu og merkja þá hús sín eða garða með hvítu flaggi til auðkenningar. „Við Lionsmenn erum mjög sáttrir eftir veisluna og þökkum samfélaginu fyrir stuðninginn,“ segir Kári.

– harpa@bb.is

Skipstjórinn ölvaður og einn á ferð

Skipstjóri handfærabáts sem staddur var grunnt út af Ísafjarðardjúpi hringdi í Neyðarlínu og lögreglu snemma á laugardagsmorgun. Vöknudu strax grunsemdir um að hann væri undir áhrifum áfengis. Þyrlla Landhelgisgæslunnar flaug til Ísafjarðar

og tók þar lögreglumann um borð. Flogið var yfir bátinn og sigu lögreglumaður ásamt áhafnarmedlimi þyrlunnar, um borð.

Reyndist skipstjórinn ölvaður og einn á ferð. Var hann handtekinn og áhafnarmedlimur þyrlunnar sigldi bátum til Bolung-

arvíkur. Skipstjórinn hefur verið yfirheyrður og viðeigandi sýni tekin í þágu rannsóknar málsins. Í tilkynningu lögreglu vegna málsins kemur fram að aðgerð þessi sé „gott dæmi um ákaflega farsælt samstarf lögreglu og Landhelgisgæslunnar.“

Vatnslekinn ekki alvarlegur

Þeir sem ekið hafa um Bolungarvíkurgöng nýverið hafa eflaust tekið eftir vatnsleka nærri útskoti B sem er um 5-600 metra frá gangnamunnum Hnífsdalsmegin. Aðspurður um lekann segir Gísli Eiríksson, forstöðumaður Vegagerðarinnar á Ísafirði, ástandið ekki alvarlegt. „Þetta virðist árstíðabundið. Það þarf bara að setja klæðningu á veginn til að koma í veg fyrir að vatnið leki beint niður á veginn,

þá ætti það að vera úr sögunni,“ segir Gísli.

Eins og kunnugt er kom upp mikið lekavandamál í Breiðadals- og Botnsheiðargöngum á sínum tíma. Stóðu tveggja tommu vatnsbunur nokkra metra úr borholunum og vatnsþrýstingur og vatnmagn var mikið. Þá var girt fyrir vatnsstreymi eftir sprungum milli Tungudals og Botnsdals í Súgandafirði.

– harpa@bb.is

Vandræði með að fá olíu á báta

Breytingar sem gerðar hafa verið á tilhögun olíuafgreiðslu til báta í Ísafjarðarhöfn hafa valdið vandræðum hjá erlendum skútumönnum og öðrum sem eru á skemmtisiglingu og koma þar við. Olíudælum á höfninni hefur verið breytt þannig að ekki er lengur hægt að borga með greiðslukortum heldur fá einungis fastir viðskiptavinir í hendur aðgangslýkla og fá þá litaða olíu sem er ódýrari en venjuleg dísil-olía og lýtur sérstökum reglum.

Aðrir bátamenn þurfa að fara

upp á bensinstöð og ná sér þar í olíu á brúsa en það getur verið nokkrum erfiðleikum bundið þegar kaupa þarf kannski þúsund lítra. Þá er hægt að panta olíubíl frá Olíudreifingu ehf. sem er sendur með olíu að viðkomandi bát. Það gerist þó ekki fyrirvara- laust á nóttu eða degi þegar menn koma við á Ísafirði til að taka olíu.

Kunnugir segja vegna þessa ástands muni draga úr komum skemmtibáta til Ísafjarðar, verði ekki úr þessu bætt.

– hlynur@bb.is



Helgarferð á Norðurland vestra 15. – 18. ágúst

Helgarferð Verkalýðsfélags Vestfirðinga verður að þessu sinni farin 15.–18. ágúst á Norðurland vestra.

Ferðatilhögun: Lagt verður af stað frá Ísafirði á fimmtudagsmorgun, 15. ágúst. Ekið að Laugabakka í Miðfirði og gist þar fyrstu nóttina. Í Miðfirði eru heimaslóðir Grettis Ásmundarsonar og ættmenna hans. Frá Laugabakka verður ekið um Húnavatnssýslu, komið við á Blönduósi og ekið fyrir Skaga til Sauðárkróks, þar sem gisting biður ferðafólks. Á laugardegnum verður ekið um Skagafjörð og farið fyrir Tröllaskaga, á Siglufjörð, Ólafsfjörð og inn Eyjafjörð til Dalvíkur. Þaðan er ferðinni heitið yfir Öxnadalshéið og aftur á Sauðárkrók, þar sem gist verður á sama stað. Á sunnudag er heimferð.

Leiðsögumaður af svæðinu verður með í för á föstudag og laugardag og ýmsir áhugaverðir staðir heimsóttir, svo sem Hólar í Hjaltadal, Glaumbær í Skagafirði og Síldarminjasafnið á Siglufirði.

Verð: 59.000 krónur á mann.

Innifalið er: Rútuferðir, leiðsögn um svæðið, gisting þrjár nætur m/morgun- og kvöldverði. Athugið að takmarkaður fjöldi kemst í þessa ferð. **Skráning hjá Verk Vest í síma: 456 5190.**

ÖRFÁ SÆTI LAUS



Síldarminjasafnið á Siglufirði

Ódýrt

verð áður 589 kr/pk

395 kr/pk

Alifuglahakk 600g
frosið

...sjá uppskrift

„Gufusoðin langa
og kartöflumús
með sveppum og
hvitlauk“

Blálanga

frosin

verð áður 1.498 kr/kg

1.198 kr/kg



verð áður 2.194 kr/kg

1.799 kr/kg

Sirloinsteikur
villikryddaðar, frá Kjötseli



verð áður 179 kr/stk

145 kr/stk

Úrvals nautaborgarar 90g
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir



verð áður 3.869 kr/kg

**Úrvals
nautafilé**

úr kjötborði eða pakkað ferskt

3.250 kr/kg

**50%
afsláttur**

verð áður 298 kr/stk

149 kr/stk

Nýbakað á staðnum!
Hnetuvínarbrauð frá Myllunni

...sjá uppskrift

„Plómur
bakaðar í
púrtvíni með
mascarponesósu“

Plómur 500g



verð áður 558 kr/pk

279 kr/pk

Hælisleitendur til Vestfjarða?

Innanríkisráðuneytið hefur efnt til átaks í búsetu- og stjórnsýslumálum hælisleitenda til að stytta málsmeðferðartíma og bæta stjórnsýslu. Einn liður í því verkefni er að leita eftir samstarfi við sveitarfélög landsins um þjónustu við hælisleitendur. Reykjanesbær hefur annast þjónustuna samkvæmt samningi við Útlendingastofnun og almenn ánægja er með þá þjónustu. En vegna fjölda hælisleitenda er þörf á að kanna áhuga fleiri sveitarfélaga um að koma að þessari þjónustu í samstarfi við ríkið.

Hjá bæjarráði Bolungarvíkur hefur málið verið kynnt og var

bæjarstjóra var falið að leita frekari upplýsinga um málið. Halla Signý Kristjánsdóttir, bæjarstjóri í fjarveru Elíasar Jónatanssonar, segir málið verða skoðað. „Við reyndum að hafa samband við þann aðila innan ráðuneytisins sem sér um málið en hann er í sumarfrí fram yfir verslunarmannahelgi. Á meðan við bíðum eftir honum getum við ekki tekið neinar ákvarðanir. Þetta er eitt hvað sem má alveg skoða, til dæmis hvort einhver peningur fylgi með hverjum hælisleitanda, hvaða þjónustu verður að vera hægt að bjóða upp á en það er það sem ég hefði mestar áhyggjur

af. Ég ímynda mér að þörf sé á fjölda fagaðila til að sinna svona verkefni og húsnæðismál og annað sem þarf að vinna úr. Það er spurning um hvort við erum í stakk búin til að mæta þessum þörfum. En við munum sannarlega skoða málið,“ segir Halla.

Gert er ráð fyrir tvenns konar samningum. Annars vegar að sveitarfélög tryggi búsetu og umönnun tiltekins fjölda hælisleitenda hverju sinni og hinsvegar opnari samningar þar sem ekki er kveðið á um ákveðinn fjölda, heldur verði leitað til sveitarfélagsins eftir atvikum. Í báðum samningum felst að sveitarfélag

útvegi húsnæði, félagslega þjónustu og greiði dagpeninga til framfærslu. Einnig verður leitað eftir samstarfi við Rauða krossinn á hverjum stað. Stefnt er að því að meðferð mála eigi ekki að taka lengri tíma en hálf ár.

Beiðni ráðuneytisins er sent til allra sveitarfélaga á landinu en það hefur ekki verið tekið fyrir, svo vitað sé, hjá öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum, að öllum líkindum vegna færri funda yfir sumartímam. Frestur til að skila inn tilkynningu um áhuga á samstarfinu rennur út þann 12. september.

– harpa@bb.is



Fleiri skip, fleiri ferðamenn

„Júní mánuður var mjög góður hjá okkur, ég held að ég hafi aldrei fengið svona marga farþega í þessum mánuði áður. Og það þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið sem hagstæðast. Þetta skýrist líklega á því að það hefur verið fjölgun í komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar sem aftur skilar sér í fjölgun gesta hér í Vigur, fleiri skip fleiri farþegar. Við önnum þessu alveg, erum tvö til þrjú sem sinnum þessu hverju sinni. Mér sýnist líka júlí ætla að vera svipaður og júní, það hefur að minnsta kosti verið nóg að gera,“ segir Salvar Baldursson, bóndi í Vigur í Ísafjarðardjúpi.

Áreiðanlegar heimildir segja að það sem helst dragi ferðmenn til eyjunnar sé húsin, fuglalífið og kaffihlaðborð Hugrúnar húsfreyju.

Lína Björg nýr verkefnastjóri

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur samþykkt tillögu Aðalsteins Óskarssonar, formanns og framkvæmdastjóri sambandsins um að ráða Línu Björgu Tryggvadóttur í starf verkefnastjóra við byggðaþróunardeild sambandsins. Lína Björg er viðskiptafræðingur og hefur góða reynslu og þekkingu af verkefnastjórnun. Hún situr í umhverfisnefnd og er varamaður í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auk setu í stjórn Viðlagatryggingar Íslands. Síðustu ár hefur Lína starfað sem svæðis- og þjónustustóri hjá Motus á Ísafirði.

Starf verkefnastjóra var auglýst í byrjun júní s.l. með umsóknarfrest til 18. júní. Umsækjendur voru 13 auk einnar umsóknar frá lögaðila um verktöku. Samið var við ráðningarstofuna Talent ehf., til að meta hæfni umsækjenda og byggir tillaga formanns og framkvæmdastjóra mati ráðningarstofunnar.



Skemmtiferðaskipið Queen Elisabeth.

Ellefu skemmtiferðaskip á ellefu dögum

Ellefu skemmtiferðaskip með ríflega 11.500 farþega innaborðs eru væntanleg til Ísafjarðar á ellefu dögum, frá sunnudeginum 21. júlí til fimmtudagsins 1. ágúst. Fyrsta skipið kemur eins og áður sagði á sunnudag. Það er MV Ocean Prinsess sem er 30.277 brúttótonn og með því koma 826 farþegar. Á mánudag

kemur Veendam sem er 55.451 brúttótonn og um borð eru 1.266 farþegar. Á þriðjudag er hið sögufræga skip Queen Elisabeth væntanlegt. Það er 92.000 brúttótonn og með því koma 2.172 farþegar. Á miðvikudag er AIDA-cara væntanlegt. Það er 38.557 brúttótonn og með því koma 1.339 farþegar. Silver Cloud er væntanlegt á

fimmtudag. Það er 16.927 brúttótonn og með því koma 296 farþegar. Sunnudaginn 28. júlí er síðan Prinsendam væntanlegt. Það er 37.983 brúttótonn og með því eru 800 farþegar. Daginn eftir er Le Soleal væntanlegt. Það er 10.700 brúttótonn og með því eru 300 farþegar. Sama dag kemur Thompson Spirit sem er 33.930

brúttótonn og með því 1.350 farþegar. Þriðjudaginn 30. júlí er síðan Oriana væntanlegt. Það er 69.153 brúttótonn og með því koma 2.179 farþegar. Miðvikudaginn 31. júlí er Astor væntanlegt. Það er 20.606 brúttótonn og með því koma 650 farþegar og fimmtudaginn 1. ágúst kemur Le Boreal sem er 10.700 brúttótonn.

Vestfirðingum fjölgaði um þrjátíu

Íbúum í Bolungarvík, Vesturbyggð og Árneshreppi fjölgaði milli fyrsta og annars ársfjórðungs samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar. Íbúum í Ísafjarðarbæ og Tálknafjarðarhreppi fækkaði á sama tímabili en íbúafjöldinn stóð í stað í Reykhólahreppi, Súðavíkurhreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð. Samkvæmt upplýsingum blaðs-

ins er þetta í fyrsta sinn í allmörg ár sem íbúar Vestfjarða eru fleiri við lok annars ársfjórðungs en í upphafi árs. Vestfirðingum fjölgaði í heild um þrjátíu á tímabilinu.

Íbúum í Bolungarvík fjölgaði um 20 frá fyrsta ársfjórðungi og eru þeir nú 940. Í Árneshreppi fjölgaði um tíu og eru 60 og íbúum í Vesturbyggð fjölgaði einnig um tíu, úr 940 í 950. Íbúum Ísa-

fjarðarbæjar fækkaði hins vegar um 30 og eru þeir nú 3.730. Í Tálknafjarðarhreppi eru skráðir 280 íbúar en þeir voru 290 við lok fyrsta ársfjórðungs. Alls voru skráðir 7050 íbúar á Vestfjörðum við lok annars ársfjórðungs samanborið við 7020 íbúa á sama tíma í fyrra. Íbúum landsins fjölgaði um 880 á öðrum ársfjórðungi. Tekið skal fram að Hagstofa Ís-

lands námundar stödlur við næsta tug ef mannfjöldinn er meiri en fimmtíu, en næsta hálfa tug ef talan er lægri.

Í lok 2. ársfjórðungs bjuggu 323.810 manns á Íslandi, 162.400 karlar og 161.410 konur. Landsmönnum fjölgaði því um 880. Erlendir ríkisborgarar voru 21.990 og á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 207.120 manns.



Séð yfir hluta af eyrinni á Ísafirði.

Jöfn og góð sala fasteigna

„Greiningardeildin er þarna að nústillta frá og með árinu 2008 og þeir horfa bara á verðhækkanir eftir hrun, ef svo má segja. Við áttum þetta í rauninni inni því ef síðustu þrjú ár fyrir hrun eru skoðuð, þá vorum við alltaf lægst. Ég vona að þetta haldi áfram. Það getur líka verið að suðurfirðirnir séu að koma þarna sterkir

inn með hækkun síðustu þrjú ár og það hjálpar auðvitað til,“ segir Guðmundur Óli Tryggvason, fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða, aðspurður um verðhækkanir á fasteignum á Vestfjörðum.

Eins og greint hefur verið frá birti greiningardeild Arion banka tilkynningu þess efnis að fast-

eignir á Vestfjörðum hefðu hækkað hvað mest frá árinu 2008 eða um 24% meðan verð á fasteignum á Reykjanesi lækkaði um 17% svo dæmi sé tekið.

Guðmundur Óli segir sölu fasteigna hafa verið jafna og góða í sumar. „Það er búið að vera nokkuð stöðugt fasteignaverð undanfarið og vonandi heldur það bara

áfram að hækka.“ Hann segir að meira úrval vanti af einbýlishúsum, raðhúsum og parhúsum. Í þeim eignum er og hefur verið mesta salan. Einnig sé spurt eftir íbúðum í húsum með lyftu en ekkert fjölbýli á Ísafirði er með lyftu nema í Norðurtangahúsinu og á Hlíf, íbúðum aldraðra.

– harpa@bb.is

Ný barnavöruverslun

Gyða Björg Jónsdóttir leikskólakennari ráðgerir að opna barnavöruverslun í Heilsusetrinu á Ísafirði um mánaðarmótin. „Ég verð með barnaföt og barnavörur sem ég panta sjálf að utan, t.d. frá Búlgaríu, Bretlandi og Tyrklandi. Verslunin kemur til með að heita Barnavörur Gyðu ömmu, en ég hef verið að selja undir því nafni á Facebook um tíma og hefur það gengið vel. Eins og staðan er núna er ég að þreifa mig áfram með vörur og ætla ég að byrja smátt og bæta svo frekar við mig ef vel gengur með verslunina. Stærðirnar fara upp í tíu til tólf ára aldur og ætla ég að vera með vörur á viðráðanlegu verði, frekar í ódýrari kantinum,“ segir Gyða.

Dagný Finnbjörnsdóttir, dóttir Gyðu, er með snyrtistofu í þessu sama húsnæði og aðspurð segist Gyða hlakka til samstarfsins. „Við mæðgur verðum þarna saman og það er augljóslega kostur að geta unnið saman og hjálpast að.

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas verður með malbikunarstöð í Bolungarvík frá 13. ágúst. Gerum föst verðtilboð í allar stærðir bílaplana

Vinsamlegast hafið samband við Gunnar Örn Erlingsson í síma 660 1909 eða við Eypór Guðmundsson í síma 892 5187 (frá 12. ágúst).

VIÐ ELSKUM MALBIK

HLAÐBÆR COLAS



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Hörður A. Steingrímsson, 691-9474, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfnum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Mikki refur

Í Hálsaskógi Thorbjörns Egner áttu öll dýrin að vera vinir. Grunnt var þó stundum á því góða hjá þeim Mikka ref og Lilla klifurmús, eins og vera ber í ævintýrum. Boðskapurinn um að allir skuli vera vinir er eigi að síður af hinu góða, hvar og hvenær sem hann er boðaður.

Allt frá því Thorbjörn skóp Mikka ref og öll dýrin sín í skóginum hafa þau verið í miklu uppáhaldi hjá börnunum, þótt sosomeð dýr séu. Í alvörunni, eins og börnin orða það, eiga þau líka sín uppáhaldsdýr, gæludýr, eins og þau í daglegu tali eru kölluð.

Eflaust þykir ferðamönnum, sér í lagi af erlendu bergi brotnir, gaman að hitta rebbba á labbi í friðlandinu á Hornströndum; ferfætling, bersýnilega orðinn þess meðvitaður að þessum áður ógnvænlegu tvífætlingum, búna hættulegum vopnum, sem töldu hann rétt dræpan, hvar sem til náðist, er nú uppálagt að líta hann vinaraugum, jafnvel gauka að honum matarbita, ef svo býður við, tilbreytni frá öllu eggja-átinu, enda blátt bann, af hálfu löggjafans, við að blaka við honum hendi.

Hvað sem öllu þessu líður er öruggt að artið í Mikka ref er með öðrum hætti en í refnum í friðlandinu á Hornströndum, sem að kunnugra manna sögn, fer hamförum í fuglabjörgunum, sem og rebbunum sem ollu æðarþóndanum í Hjarðardal í Önundarfirði, andvöku. Mikki refur var hugaríðstur rithöfundar, skapaður til að gleðja börn, hinir eru villt dýr sem eira engu þegar hungrið sverfur að í takt við dráps-æðlið.

Það er engin ástæða til að útrýma refnum, enda slíkt eflaust miklum vandkvæðum bundið. En það er heldur engin ástæða til að friða alfarið, þetta skaðræðisdýr, sem hann getur verið.

Minnkur og refur eiga engan friðarrétt í íslenskri náttúru. Óheft fjölgun refsins flokkast í engum tilfellum undir dýravernd. Stjórnvöldum ber skylda til að grípa í taumana til að halda dýrbítunum í skefjum.

Hennar hátígn

Eflaust má kalla það heiður að Queen Elisaeth, drottning skemtifærðaskipanna, skuli staldra við á Skutulsfirðinum í fyrstu heimsókninni til Íslands. Það sem máli skiptir við komu Drottningarinnar er þó fyrst og síðast staðfesting á hversu umfangsmikill þáttur í atvinnulífi bæjarins þessar heimsóknir eru orðnar; jafnframt er hún áminning um að vel verður að halda á spilunum til að varðveita þann góða árangur, sem þegar hefur náðst. Fátt er valdara en veraldar gegnið.

s.h.

Spurning vikunnar

Hefur þú komið á Hornstrandir?

Alls svöruðu 547.

Já sögðu 370 eða 68%

Nei sögðu 177 eða 32%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Mjólkurframleiðsla hefst í Bolungarvík í byrjun ágúst

Arna ehf., mjólkurvinnsla í Bolungarvík, hyggst hefja starfsemi í byrjun næsta mánaðar. Fyrirtækið mun framleiða mjólkurvörur fyrir fólk með mjólkur-óþol. Mjólkinn er þá meðhöndluð þannig að hún innihaldi ekki mjólkursykur og getur þá fólk með óþol neytt hennar án þess að finna til óþæginda. Fyrirtækið fékk 1,5 milljóna króna nýsköpunarstyrk frá samfélagssjóði Landsbankans til verkefnisins.

„Ég er að vonast til að geta byrjað fljótlega í ágúst, jafnvel í annarri viku mánaðarins. Við erum að klára uppsetningu á tækjabúnaði og munum í fyrstu bjóða upp á drykkjarmjólk, rjóma

og AB-mjólk. Um mánaðarmótin ágúst-september ráðgerum við að bæta við vörutegundum s.s. skyri og bragðbættu jógúrti,“ segir Hálfaldán Óskarsson, mjólkurtæknifræðingur og einn eigenda Örnú ehf.

Framleiðsla fyrirtækisins verður í fyrstu aðeins í boði á heima-markaði, þ.e. á Vestfjörðum, en síðan er stefnan að bjóða hana um land allt. Starfsmenn fyrirtækisins verða 5-6 í byrjun en þeim mun væntanlega fjölga er fleiri vörutegundir fara í framleiðslu. Mjólkursamsalan hefur undanfarið boðið upp á léttmjólk til handa þeim sem eru með mjólkuróþol. „Það hefur engin

áhrif á okkur. Við keyrum okkar plön og reynum að sinna okkur kúnum vel. Við kaupum mjólkina af MS með álagi og erum því ekki í stakk búnir til að fara í verðstríð,“ segir Hálfaldán. Fyrirtækið er til húsa í Bolungarvík, í húsnaði sem áður hýsti rækjuvinnsluna Bakkavík. Langur tími hefur farið í að koma verkefninu af stað, afla fjármagns og finna búnað. Það tekur oft lengri tíma en menn áætla að sögn Hálfaldáns.

Stefna fyrirtækisins er að vinna úr allri mjólk sem framleidd er á svæðinu eða 1,5 milljón lítrum. Arna ehf., er í eigu nokkurra fyrirtækja, einstaklinga og samtaka að sögn Hálfaldáns.

Tveir kvenkyns lækningar á Hvöest

Tveir kvenkyns heilsugæslu-lækningar hófu störf við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í sumar, Sólveig Helgadóttir og Inga Lára Ingvarsdóttir. Langt er síðan tvær konur hafa starfað sem lækningar við stofnunina á sama tíma. Sólveig réði sig til eins árs en Inga Lára hefur verið að leysa af í sumar. Árið 2006 störfuðu þær báðar sem læknanemar við rannsóknir á sérhæfingu stofnfruma hjá Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna undir leiðsögn Snorra Thorgeirssonar lækni. Þær hafa einnig unnið rannsóknarverkefni á héraðssjúkrahúsinu Monkey Bay í Malaví, sem reist var fyrir íslenskt þróunarfé.

Þær stöllu voru saman í læknanámi við Háskóla Íslands og útskrifuðust árið 2010. Þær koma báðar af höfuðborgarsvæðinu. „Ég verð hérna fram í september en Sólveig verður fram á næsta sumar. Sumarið hefur verið mjög fínt hér, reyndar höfum við



Sólveig Helgadóttir og Inga Lára Ingvarsdóttir.

ekki haft mikinn tíma til að fara út fyrir sjúkrahúsið því allur tími fer í að vinna og sofa. Við reynum að fara í gönguferðir og höfum kíkt aðeins í Tjörúhúsið en ekki mikið meira en það. Við þekktum heldur ekki marga þegar við komum og getum ekki sagt að við höfum kynnst mörgum ennþá, nema starfsmönnum sjúkrahússins. Nokkuð af vinum og vanda-mönnum hafa kíkt vestur til okkar

sem er auðvitað bara gaman,“ segir Inga Lára.

Aðspurð um framtíðina segir Inga Lára: „Við ætlum báðar í svæfinga- og gjörgæslulækningar. Það er draumur okkar beggja. Við erum ekki að elta neinar fyrirmyndir í fjölskyldunni, það er að segja þar eru engir aðrir lækningar þannig að við villtumst eiginlega í læknanámið.“

– harpa@bb.is

Veðrið hefur áhrif á sölu áfengis

Snorri Grímsson, verslunarstjóri Vínbúðarinnar á Ísafirði, segist ekki finna fyrir þeim samdrætti sem kemur fram í samantekt ÁTVR á sölu áfengis tímabilið janúar til og með júní. „Ég held að vínbúðirnar út á landi finni ekki eins mikið fyrir þessum sveiflum eins og á höfuðborgarsvæðinu. Það er alltaf dálítið erfitt að fylgjast með þessu hér. Jú, við getum skoðað krónutölur og hvað selst í stykkjatali en svo fáum við upp gefið frá ÁTVR hvernig hver mánuður hefur verið,“ segir Snorri.

Sala áfengis dróst saman um

1,4% á fyrstu sex mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra samkvæmt samantektinni. Sala á rauðvíni jókst um 1,7% á tímabilinu og segir Snorri það alveg geta passað. „Veðurfar hefur sitt að segja. Bara þessar síðustu vikur sem við höfum venjulega verið að grilla mikið hefur veðrið ekki verið allt of skemmtilegt. Þegar svalt er í veðri selst meira af rauðvíni því það er meira drukkið í kulda en aftur á móti selst hvítvín meira þegar heitt er. Enda hefur sala á hvítvíni dregist saman um 11,9% í júnímánuði. Það segir sitt um veðrið,“ segir Snorri.

Sala á ókrydduðum brennivíni og vodka dróst saman um 6,5% en jókst um 103,5% á ávaxtavínunum á milli ára. Um þessa miklu hækkun á sölu ávaxtavína segir Snorri: „Ciderinn hefur verið að koma sterkur inn undanfarið og það virðist sem Íslendingar séu að taka við sér hvað þá varðar. Við höfum ekki fattað hann fyrr held ég en hann hefur verið mikið drukinn í löndum í kringum okkur. Þessi mikla hækkun skýrist að hluta til vegna þess. En líka vegna þess að salan var svo lítil áður og þá þarf mjög litla breytingu til að hækka söluþrósentur.“

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS



Bónus ferskar
**GRÍSA GRILL
KÓTILETTUR**

1198
KR. KG



ÍSLANDSLAMB
GRILL LAMBASIRLOIN

1498
KR. kg



ÍSLANDSLAMB 1.FL
GRILL LAMBALÆRISNEIÐAR

AÐEINS
MIÐLÆRIS-
SNEIÐAR

2298
KR. kg



ÍSLANDSLAMB
GRILL LAMBARIF

FEITIR
BITAR

498
KR. kg



FROSID ÞÝSKT- NAUTA T-BONE

1898
KR. 450 gr



FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA

1398
KR. 350 gr

Fjórir ferskir **100%**
ungnautahamborgarar með
brauði. Tvær stærðir



4 stk. 80 gramma **759 KR**
4 stk. 120 gramma **998 KR**



KJARNAFÆÐI 10 stk. FROSNIÐ
120gr NAUTAHAMBORGARAR

1698 300 KRÓNA
KR. 10x120gr VERÐLÆKKUN



HEIMA EINNOTA GRILL

298
KR STK



498
KR 75gr



498
KR 70gr

SANTA MARÍA KRYDDMYLLUR
TELLICHERRY PIPAR EXTRA BOLD
KJÚKLINGUR & STEIK BLANDAÐ KRYDD



498
KR 500ml

Caj P. original
grillolían



1598
KR. kg

KG



NICKY ELDHÚSPAPPÍR 3 RL

298
KR 3 rul.



FAIRY UPPÞVOTTALÖGUR

398
KR 1 ltr.

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



Jóna Símónía afhenti Mugison virðingarvott Jóns Kr. við Tjörhúsið.

Mugison færður virðingarvottur

Jóna Símónía Bjarnadóttir afhenti Mugison (Erni Elíasi Guðmundssyni) virðingarvott í síðustu viku fyrir hönd Jóns Kr. Ólafssonar, söngvara og safnara á Bíldudal. „Ég kom til Ísafjarðar í byrjun júní með kunningja mínum til að heimsækja vinafólk mitt

og kippti skúlptúrnum með mér í leiðinni því mig langaði til að gefa stráknum þetta. Því miður var Mugison ekki staddur á svæðinu þá því hann var í stúdíói við upptökur. Skúlptúrinn, sem heitir Hljóðneminn, var afhendur fyrir mína hönd en það var hún Jóna

Símónía vinkona mín sem sá um það í minni fjarveru.

Þetta er í raun svona tákn tónlistarmannsins og mig langaði að gefa honum þetta til virðingar við unga fólkið í tónlistinni. Það vill svo til að ég var einu sinni ungur líka, veröldin varð ekki til

í gær og ég ber virðingu fyrir þessu unga fólki sem fer sínar eigin leiðir. Við tveir erum mjög ólíkir tónlistarlega séð en það er ekki það sem skiptir máli heldur það að hann er að gera góða hluti,“ segir Jón í samtali við BB. Jón er með tónlistarsafn á

Bíldudal sem nefnist Melódíur minninganna og hefur að geyma fróðleik og muni um íslenska dægurlagatónlist og klassíska. Safn Jóns Kr. Ólafssonar var vígt 17. júní árið 2000 og er opið og til sýnis fyrir alla.

– harpa@bb.is

Ball í Edinborg

laugardaginn 27. júlí kl. 12:00–03:00

Hörmung og Rythmatik

kr. 1.000



Edinborg
Búttu, Gættu, Deig

Ball til styrktar keppnisferð Sigfúsar Fosssdal á Evrópumeistaramótið í bekkpressu verður í Edinborg á laugardaginn. Ballið hefst klukkan 12:00 og kostar aðeins 1000 kr inn. Ísfrsku hljómsveitirnar Hörmung og Rythmatik spila fyrir dansi og munu halda uppi fjörinu fram á nótt. Skorum á alla að mæta og sýna stuðning við íþróttalíf í bænum stuðning.



Málningarbúðin
Ísafirði

papco

samskip



KUBBUR



PRISTUR ORMSSON

ÍSLANDSSAGA



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf



Núpur
Hotel and Restaurant



TAL



HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166



KL
APAMA
PRODUCE OF ICELAND
KLOFNINGUR

ÞAÐ GEFUR Á BÁTINN Í BOLUNGARVÍK

N1 hefur opnað nýja bátadælu í Bolungarvík og að því tilefni er
viðskiptavinum N1 boðinn 12 kr. afsláttur af listaverði frá 25/7 - 10/8

Viðskiptavinir geta nálgast lykla á þjónustustöð N1, Hafnarstræti 21,
400 Ísafirði, sími: 4563574



Tökur hafnar á Albatross

Tökur á gamanmyndinni Albatross eftir Bolvíkinginn Snævar Sölva Sölvason hófust í síðustu viku í Bolungarvík. Tökurnar fara mest fram á Syðridalsvelli, golfmekka Bolungarvíkur.

„Albatross fjallar um strák sem kemur að sunnan en hann er að elta kærustuna sína sem er frá Ísafirði. Hún reddar honum vinnu á golfvöllinum og er aðalþema myndarinnar samskipti hans við samstarfsmenn og þá sérstaklega vallarstjórnann sem er erfið típa sem krefst mikils af sattrfsmönnum sínum. Kvikmyndin er í fullri lengd og vonast ég til að frumsýningin verði snemma á næsta ári og þá hér fyrir vestan. Ég myndi alltaf vilja frumsýna hér áður en ég færi lengra með hana,“ segir Snævar.

Aðalleikarar í myndinni eru Evar Örn Jóhannsson sem leikur strákinn Tomma og Pálmi Gestsson sem leikur vallarstjórnann Kjartan. Í öðrum hlutverkum eru Finnbogi Dagur Sigurðsson og Gunnar Kristinsson en allir eru þeir frá Bolungarvík nema Gunnar. Hann og Finnbogi leika Kidda og Finna sem eru ansi skrautlegir karakterar að sögn Snævars. Nafn myndarinnar, Albatross, er skírskotun í golfið en heitið er



Frá töku myndarinnar við golfvöllinn í Bolungarvík.

notað yfir þrjú högg undir pari. „Þetta er að mestu einkafjarmögnun og svo fæ ég hjálp frá velunnurum í Bolungarvík. Ég stefni líka að því að sækja um hina ýmsu styrki. Ég skrifaði handritið, leikstýri og sá að mestu um undirbúninginn en hef auðvitað fengið mikla hjálp líka. Birgir Olgeirsson er til dæmis faglegur ráðgjafi og meðframleiðandi,“ segir Snævar.

Aðspurður af hverju hann taki myndina upp í Bolungarvík segir

hann: „Hér er ég uppalinn og þekki því allt og alla. Ef mig vantar lyftara þá bara tek ég upp símann og því er reddað nánast samstundis. Hér eru allir tilbúnir til að hjálpa manni þannig að þetta er þúsund sinnum auðveldara en að taka upp í Reykjavík þar sem allt tekur endalausan tíma.“

Eins og margir vita leikstýrði Snævar einnig kvikmyndinni Slay Masters sem frumsýnd var í fyrra en hún fjallar um raunir

slægingarmanna í Bolungarvík. Sá Snævar um bæði tökur og leikstjórn. „Það er allt annað líf að hafa fólk með sér sem sjá um til dæmis hljóð og kvikmyndun. Nú get ég einbeitt mér að því sem ég vil, sem er að leikurinn sjálfur. Æft senur með leikurunum fyrir tökur en það gat ég ekki síðast. Ég hef unnið með öllu þessu fólki áður og treysti því 100%. Ég er sem sagt með tökumann, aðstoðartökumann, hljóðmann, aðstoðarleikstjóra og redd-

ara. Það er of snemmt að segja til um hvert ég stefni með myndina en ef ég tel hana eiga séns út fyrir landssteinanna þá geri ég allt til að láta það rætast.“

Vonast Snævar til að tökum ljúki vikuna fyrir verslunarmannahelgina og þá er eðlilegt að spyrja hvort tökuliðið ætli að taka þátt í Mýraboltamótinu. „Slatti úr tökuliðinu ætlar að drífa sig á mótið og ég spila auðvitað með Gemlingunum sem hafa verið með frá upphafi,“ segir Snævar.

smáar

Til leigu er góð 110m² íbúð á eyrinni í vetur. Húsgögn geta fylgt. Uppl. í síma +47 480 70 568.

Tek að mér þríf í heimahúsum. Uppl. í síma 866 6387.

Ferðasumar á Vestfjörðum

Skemmtiferðaskipin sem koma til Ísafjarðar eru svo sannarlega góðir sumarboðar. Fjöldi erlendra ferðamanna kemur í land og vill sjá hvað það hefur að bjóða. Þeir vilja skoða umhverfið og kaupa eitthvað til minja um þennan sérstaka stað norður undir heimskaustsbaugi þar sem sumarsól sest ekki til viðar ef léttskýjað eða heiðskírt er. Siglingar norður með ströndum Noregs, langt norður fyrir heimskaustsbaug, eru vinsælar. Mjög er þar lagt upp úr því að koma við í hinum fallegu norsku fjörðum og njóta einstakrar náttúrufegurðar. Vestfirðir búa yfir hrífandi fegurð jafnt að sumri sem vetri. Hvort okkur tekst að nýta veturinn til að auka komu ferðamanna til Vestfjarða er ekki ljóst. En sumarið er tíminn okkar. Fjöldi glæsilegra tómstundaskipa með ferðmenn er eitthvað sem við eigum að skoða sem val og reyna að finna frekari tækifæri til þess að farþegar þeirra eigi kost á því að koma í land á einum stað og fara um borð á öðrum eftir skemmtiferð á landi með heimamönnum og farartækjum þeirra. Við getum nýtt heimafólk enn frekar til leiðsagnar og þjónustu. Þannig skapast færi til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi.

Til þess að hugmyndin geti orðið að veruleika þarf að tengja

enn betur saman Patreksfjörð og Ísafjörð. Vandinn kann að vera sá að Ísafjörður er enn að því er best verður séð eini staðurinn sem getur tekið við fjölda ferðamanna. Möguleiki verður að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að kaupa veitingar í stórum stíl til þess að unnt væri að aka með skipsfólk frá Patreksfirði, svo dæmi sé tekið, til Ísafjarðar. En það eitt að risið er glæsilegt hótél á fyrr nefnda staðnum sýnir betur en margt annað hve mikilvægt er að geta veitt ferðamönnum þjónustu. Ótrúleg breyting hefur orðið á viðhorfum til ferðapjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum við opnun þess. Bjartsýni hefur aukist og ferðapjónusta er að eflast. Samgöngur krefjast því skjótra úrbóta. Með góðum vegi milli suður- og norðurluta Vestfjarða verður bylting í samskiptum og möguleikum til þess að þjónusta ferðamenn.

Hornstrandir og Jökulfirðir eru náttúruperlur sem standa þarf vörð um. En þess þarf að gæta að ferðafólk eigi þess kost að fara um og skoða. Brýnt er að staðinn verði vörður um þetta einstaka svæði sem laðar stöðugt fleiri til sín. Náttúran er viðkvæm og á næstu árum mun einna mesta ánaúðin sem að henni stöðjar stafa af ferðafólki. Mikil nauðsyn er að huga að því.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Mmmm...



GoTT...
...BÁÐUM MEGIN!

Húsfyllir var á saltfiskveislu Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á laugar- dag. Þar gæddu gestir sér á hinum ýmsu saltfiskréttum sem matreiddir voru af Magnúsi Haukssyni og að- stoðarmönnum hans í Tjör- húsinu. Líkt og í fyrra var veislan haldin í Turnhúsinu í Neðstakaupstað en ekki í Tjörhúsinu líkt og hefur tíðkast. Að sögn Jóns Sigurpálssonar forstöðu- manns safnsins heppnaðist veislan einstaklega vel. „Við ætluðum að reyna vera með hrefnukjöt í ár en það fékkst því miður ekki. Í staðin var skötustappa og humar í boði, auk allra salt- fiskréttanna sem við erum vön að sjá á gnægstarborði veislunnar. Það sem sló mest í gegn voru þó næt- ursöltuðu gellurnar en þær höfum við ekki verið með áður,“ segir Jón. Bacalaoband Valda



Nætursöltuðu gellurnar slógu í gegn

Mósa spilaði bæði við borðhaldið og fyrir dansi á effir en bandið skipa Valdi- mar Olgeirsson á bassa, Kristinn Gauti Einarsson á trommur, Birgir Olgeirsson söngur og Tómas Jónsson á píanó. „Strákarnir stóðu sig

með stakri prýði auðvitað og ekki annað að sjá og heyra á fólki en það hefði verið ánæggt með þá. Villi Valli, sem var í fyrsta skipti öfugu megin, þusaði yfir því allt kvöldið að gestir töluðu of mikið yfir ljúfum

hljómunum bandsins, þeir ættu að hlusta en ekki blaðra. Það hljóta að vera frábært meðmæli með bandinu,“ segir Jón. Saltfiskveislan hefur verið haldin frá árinu 2002 og var því haldin í ellefta

skiptið í ár. Að sögn Jóns voru haldnar fjórar veislur yfir sumarið fyrstu tvö árin en það hafi hreinlega tekið allan þeirra tíma að skipuleggja þær. Ákváðu þeir því að hafa bara eina veislu á hverju sumri.



Maryland kókoskex

- meiriháttar í ferðanestið



Hugsjónamaður á Hrafn

Valdimar Jón Halldórsson hefur verið staðarhaldari á Hrafnseyri við Arnarfjörð frá 2005. Hann kenndi við Menntaskólann á Ísafirði í ein fjögur ár og hafði áður verið starfandi í Kaupmannahöfn. Hann býr á Suðureyri við Sögandafjörð með Ísfirðingnum Ólöfu B. Oddsdóttur enda uppalinn Sögfirðingur frá fyrstu tíð. Hann er mannfræðingur að mennt frá Árósháskóla og hefur starfað við þróunarstörf bæði fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands og erlendar stofnanir.

Valdimar sótti um starfið þegar það var auglýst og var valinn úr 21 umsækjendum. „Ég kom með tillögur í umsókninni sem ég held að hafi gert útslagið, þar sem ég stakk m.a. upp á að tengja Hrafnseyri við háskólasamfélagið. Ég var líka búsettur, fæddur og uppalinn hér á svæðinu og tiltölulega nýkominn heim eftir starf erlendis. Þegar ég byrjaði var safnið búið að vera starfrækt síðan 1980 og ég skildi það þannig að það ætti að fara að breyta því fyrir árið 2011, sem var 200 ára afmælisár Jóns Sigurðssonar,“ segir hann.

Mannfræðingar til margra hluta

„Fyrstu mannfræðingarnir

fengu oft vinnu við söfn þar sem þeir komu með alls konar hluti til sýningar frá öðrum löndum þar sem þeir höfðu dvalist. Síðan fóru þeir að vinna við fleiri svið innan samfélagsins og í dag er t.d. hægt að rekast á mannfræðinga við störf innan verslunar-, fjármála- og stjórnsýslu auk félags- og safnasviðsins, og á fleiri stöðum. Það er því mjög breitt og fjölbreytt svið sem mannfræðingar starfa við. Það er lýsandi fyrir það sem ég er að gera, að safnið er einn hluti þess sem ég hef með höndum, en síðan er allt í kringum það sem ég er að reyna að koma upp,“ segir Valdimar, en mannfræðin nýtist mjög vel í öllu sem viðkemur arfleidd fólks eða þjóðar, að hans sögn.

„Í mannfræðinni er mikið fjallað um hefðir, venjur og líf fólks í hinum ýmsu samfélögum sem byggja þessa jörð, þar sem við höfum orðið þess áskynja að menningararfur er miklu meira en bara þekktar byggingar og frægir staðir.

Ég tel að Hrafnseyri hafi margt að bjóða. Hér er mjög flott sýning um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar. Hér eru haldin námskeið og ráðstefnur þessa þrjá mánuði sem staðurinn er opinn almenníngi, og þar sem hann liggur miðsvæðis geta sveitarfélög, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki á Vestfirðum og

víðar haldið hér fundi þegar það hentar þeim.

Kannski verður staðurinn ekki opinn mikið yfir vetrartímann þótt Dýrafjarðargöngin komi, en þá er spurning hvernig má nota menningararfinn Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar til aukinnar menntunar hér á svæðinu, sem ég tel að mundi sóma staðnum vel og vera í anda Jóns Sigurðssonar og verðug minning um hann.“

Nýttiskulegt safn

Alþingi hafði samþykkt breytingar á safninu löngu áður en Valdimar var ráðinn og ráðstafað fé til uppbyggingar. Það lá fyrir að endurnýja þyrfti safnið og breyta húsnæðinu í samræmi við samþykkt Alþingis. Það gekk mjög fínt, að sögn Valdimars, sem sýnist þetta hafa komið mjög glæsilega út. „Þetta voru flottar og látlausar breytingar, en það þurfti að breyta miklu.“

Samkvæmt nýjum safnalögum getur Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri varla talist safn þar sem ekki er verið að skrá og safna hlutum og litlar sem engar rannsóknir eru stundaðar á staðnum. Þetta er frekar sýning um Jón Sigurðsson og sögu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Á sýningunni er sagan sögð í máli, myndum og tónum.

„Þetta er mjög nýstárleg og mjög flott sýning, en arkitektastofan Basalt hannaði þessa sýningu, sem er að

mörgu leyti öðruvísi en aðrar sýningar í landinu. Þarna er líka margmiðlunarsýning sem Gagarín setti upp. Þá sýningu er hægt að nálgast á netinu á jonsigurdsson.is,“ segir Valdimar.

Árið 2011 var skipt um sýningu á Hrafnseyri, en sú sem var fyrir hafði verið þar í 30 ár. Hún hafði aðeins verið á íslensku og því óskiljanleg erlendu ferðafólki, þótt hún að öðru leyti hafi verið góð, en barn síns tíma, að sögn Valdimars. Nýja sýningin sem ber nafnið *Líf í þágu þjóðar* er bæði á íslensku og ensku. Hornsteinar arkitektar sáu um breytingar á húsnæðinu, auk breytinga sem gerðar voru utandyra. Sýningin og aðkoman að henni eru því landi og þjóð til sóma, auk þess sem hún er vegleg minning um manninn Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Margt að gerast á Hrafnseyri

„Á Hrafnseyri hef ég verið með námskeið og ráðstefnur og einnig hafa verið stundaðar þar fornleifarannsóknir. Þessi starfsemi, sem ég hef kallað sumarháskóla, var oft framkvæmd í samstarfi við innlendar og erlendar háskólastofnanir. Síðustu þrjú árin hef ég eingöngu verið í samstarfi við Háskóla Íslands, sem hefur verið með safnfræðslunámskeið á staðnum, og Náttúrustofu Vestfirðja, sem hefur verið með nem-

endur og fornleifauppgröft hér. Auk þessara stofnana verð ég í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar og fleiri stofnanir í sumar,“ segir Valdimar, og greinir nánar frá því.

„Safn Jóns Sigurðssonar er opið þrjá mánuði á ári og það er nóg að gera yfir sumarið. Fyrri hluti júnímánaðar fer allur í undirbúning fyrir 17. júní. Sumarháskólinn stendur yfir í ágústmánuði en í júlí er aðalviðkoma ferðafólks, sem verður að taka á móti og sjá um að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Við erum með safnánámskeið sem kallast *Söfn og umhverfi sem námsvettvangur* í samstarfi við námsbraut í safnafræðum og Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands.

Þann 24. ágúst verður hátíðardagskrá sem kallast *Hrafn Sveinbjarnarson – höfðingi, pílagrímur og læknir*. Dagskráin er unnin í samvinnu við Heilbrigðissvið Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og verkefnið Vestfirðir á miðöldum. Þar verður fjallað um ævi og störf Hrafn Sveinbjarnarsonar sem tekinn var af lífi á Hrafnseyri fyrir 800 árum,“ segir Valdimar, og er hátíðardagskráin til minningar um Hrafn.

Síðast en ekki síst ber að nefna, að 6. september verður á Hrafnseyri spennandi ráðstefna á vegum Stofnunar

Sælkerar vikunnar eru Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir og Gareth Rendall í Bolungarvík

Ótrúlega góður saltfiskur

Vorum með matarboð um daginn og prófuðum þennan rétt í fyrsta sinn, hvorki við né gestir okkar urðu fyrir vonbrigðum, njótið!

4 vænir útvatnaðir saltfiskhnakkar
4 bökunarkartöflur
6 gulrætur
1 rófa
1 laukur
1/2 spergilkálshaus
1/2 rjómi
3 dl hvítvín
3 hvítlauksgeirar
1/2 fiskiteningur
Steinselja til skrauts

Olía til steikingar og maiz-

enamjöl til að þykka sósuna. Allt grænmetið skorið í teninga en laukurinn saxaður gröft. Saxa spergilkáls blómin smátt. Sett í eldfastmót ásamt 1 msk. matarolíu, öllu blandað vel saman, saltað og piprað síðan bakað í ofni í 20 mín við 200 C°, hrært í annað slagið.

Sósan: 3 væn hvítlauksrif, söxuð smátt, svissað í potti þar til laukurinn fer að brúnast aðeins, þá er rjómanum hellt yfir og 1/2 fiskitening bætt úti látið sjóða niður. Hvítvíninu bætt úti, sósa þykkt með maizenamjölinu sem blandaða hefur verið við smá af köldu vatni.

Saltfisknum er velt uppúr

hveiti, snöggsteiktur á pönnu og settur í eldfast mót, pipraður og sett inn í 200 C° ofni í 4-5 mínútur. Grænmetið sett á miðjan diskinn, sósa yfir grænmetið og fiskurinn ofaná, síðan skreytt með steinselju.

Piparmintu-ostakaka frá Belfast

11 hafrakexkökur
40 gr smjör
1 msk síróp
Hafrakexkökurnar muldar smátt og settar í form, smjör og síróp brætt saman og hellt yfir.
200 gr rjómaostur
110 gr flórskykur



250 ml rjómi
3 stk Pipp

Rjómaostur, flórskykur og rjómi þeytt saman í hrærivél, súkkulaðið saxað smátt og sett út í, sett yfir kexið og kælt.

Við skorum á vinafólk okkar Helgu Svandísi Helgadóttur og Finnþoga Bjarnason til að vera næstu sælkerar vikunnar.

Hrafnseyri

Rögnvaldar Ólafssonar, sem kallast í byrjun tveggja alda – hugsjónir aldamótakynslóðarinnar bornar saman við samtímann og þá framtíðarsýn sem við okkur blasir.

Framtíðarhorfur

Varðandi hlutverk Valdísar og framtíðarsýn fyrir Hrafnseyri segir hann: „Ég er bara starfsmaður á Hrafnseyri. Hvað verður um staðinn í framtíðinni fer eftir því hvað yfirvöld sjá fyrir sér og ákveða að Hrafnseyri eigi að standa fyrir. Ég vinn ennþá eftir samþykktum fyrrverandi Hrafnseyrarnefndar sem lögð var niður um áramótin 2011-2012, en samkvæmt þeim var ákveðið að viðhalda sumarháskólanum og þeim aðgerðum sem ég hef verið að lýsa hér. Hugsanlegt væri að fjölga viðburðum á staðnum, en einnig væri hægt að vinna meira markvisst að því að Hrafnseyri yrði fundar- og ráðstefnustaður fyrir sveitarfélög, stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki á Vestfjörðum því staðurinn er jú miðsvæðis og því upplagt fyrir fólk á Vestfjörðum að hittast þar og halda fundi. Svo gæti orðið áhugavert fyrir aðrar stofnanir á landinu að koma og halda þarna ráðstefnur, en þá þyrfti að vera gístiaðstaða, sem ekki er fyrir hendi í dag.

Ég hef verið að velta fyrir mér hvort ekki væri hugsanlegt að bjóða upp á kennslu í menningararfi í nafni Hrafnseyrar og Safns Jóns Sigurðssonar. Í því sambandi væri hugsanlegt að hafa bachelor-, masters- eða doktorsnámskeið á sumrin við Sumarháskólann um menningararf Vestfjarða, Íslands og annarra þjóða. Einnig væri þá möguleiki að tengja kennslu í menningararfi við menningartengda ferðamennsku, þar sem hægt væri að setja á stofn stutt námskeið í samvinnu við aðrar stofnanir og fyrirtæki á svæðinu fyrir það ferðafólk sem sækist bæði eftir að skoða landið og fræðast um menningu þess.

Á veturna gæti kennslan hins vegar kannski færst á Ísafjörð, t.d. í námunda við Háskólasetur Vestfjarða, þar sem hægt væri að bjóða nemendum í Haf- og strandsvæðastjórnun og öðru fólki sem stundar þar fjarnám upp

á námskeið um menningararfinn sem valfag, og stutt þannig við það nám sem nú þegar er stundað í Háskólasetri Vestfjarða.

Rannsóknir, kennsla og nám í menningararfinum (Cultural heritage studies) er í dag orðið mun víðtækara og nær yfir mun stærra svið samfélagsins en það gerði áður, og margir spennandi

hlutir eru þar að gerast. Þar er ekki aðeins fjallað um fornfræg og söguleg hús, staði og fólk, heldur spila hér landsvæði (t.d. Hornstrandir), náttúra (Teigsskógur, ár og fossar) og samfélagið inn í. Hér er um að ræða samskipti og túlkun okkar í dag á fortíðinni, með framtíð samfélagsins, barna okkar og barnabarna í huga.

Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar væri hægt að nota sem eins konar regnhlíf yfir margvísleg verkefni varðandi rannsóknir, kennslu, ráðstefnur og fleira í þessu sambandi, því hér á Vestfjörðum vantar fleiri rannsóknir á sögu okkar og lífi, bæði í dag og fyrr á árum. Við erum með sagnfræðinga, fornleifafræðinga, mannfræðinga og

þjóðfræðinga á svæðinu sem gætu tekið þetta að sér,” segir Valdimar. „Síðast en ekki síst ber að nefna, að stofnað hefur verið prófessorsembætti tengt nafni Jóns Sigurðssonar þar sem Guðmundur Hálfðánarson var ráðinn prófessor síðastliðið ár. Það væri því upplagt að fá Guðmund til að aðstoða okkur við að byggja námið upp“



flickr

Nafn:

Helga Lind Mar

Uppruni:

Hnífsdælingur

Flickr-síða:

Já sko, ég á flickr síðu en henni hefur ekki verið sinnt í vandræðalega langan tíma. En hinsvegar er ég með blogg (sem ég sinni nánast jafn illa og flickr síðunni) en þar set ég myndir inn annað slagið.

Bloggið:

www.helgalindmar.blogspot.com

Flickerið:

www.flickr.com/skroggur



Af hverju ljósmyndun?

Ég var frekar ung þegar ég fór að taka myndir á fyrstu myndavélina mína. Það má segja að ég hafi alltaf haft lúmskan áhuga á ljósmyndun þótt ég hafi aldrei lagst almennilega í það að sinna þessu áhugamáli mínu. Ég hugsa að áhugi minn á ljósmyndun snúist um að fanga ákveðna tilfinningu á mynd. Taka mynd svo að það sé hægt að eiga augnablikið að eilífu. Annars er ég mest í því að taka myndir af matnum mínum og kaffinu. Það er svo gefandi. Annars er ég mest í því að taka myndir af matnum mínum og kaffinu. Það er svo gefandi."

Fyrsta græjan?

Þegar ég var 8 ára fór mig að dreyma um að eiga myndavél. Ég var stödd í sveitinni með ömmu og afa og safnaði fyrir henni með því að safna dún í varpinu. Mig grunar þó að ég hafi fengið óvenju mikið borgað fyrir verkið því ég gat keypt mér litla Kodak filmuvél í lok sumars. Vélina tók ég síðan með mér allt sem ég fór og

hugsaði lítið út í að seinna þyrfti síðan að framkalla allar þessar filmur.

Skemmtilegasta Kóðak mómentið?

Í rauninni er ekkert sérstakt moment sem kemur upp í hugann. Ég á margar fallegar myndir sem tengjast enn fallegri minningum frá því að ég bjó úti í Þýskalandi. Ég hugsa að flestar uppáhalds myndirnar mínar séu frá Berlín. Líklegast er það vegna þess að ég er duglegri við að taka myndavélina með mér þegar ég er úti heldur en herna heima.

Hvað er í dótakassanum?

Vélin sem ég nota mest er Canon 500D. Ég á ekki neinar fínar linsur á hana og nota bara kit linsuna ennþá (ég leyfi mér þó að dreyma). Síðan leynist þar Polaroid vél, Lomography Fisheye vél, tvær Kodak filmuvélar og síðan á ég frá afa mínum Afga Isomat-Rapid filmuvél sem ég á ennþá eftir að prufukeyra.

Á hvern skorar þú?

Ég skora á Anítu Björk Jóhannsdóttur.

25. JÚLÍ - 30. JÚLÍ
★ **Ísahjórðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísahjórðarbið skemmtun.is

ODAUÐLEIKI GETUR VERID BÖLVUN
THE WOLVERINE -3D


FIMMTUDAG 25. JÚLÍ KL 8 | 3D
FÖSTUDAG 26. JÚLÍ KL 8 | 3D
LAUGARDAG 27. JÚLÍ KL 8 | 3D

SÍÐUSTU SÝNINGAR
Disney PIXAR
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
SÝND BÆDI Í 3D OG 2D
M/ ÍSLENSKU TALI

LAUGARDAG 27. JÚLÍ KL 3. | 3D ÍSLENSKY TAL
SUNNUDAG 28. JÚLÍ KL 3. | 2D ÍSLENSKY TAL

SANDLER JAMES ROCK SPADE
AFTUR Á HEIMASLODIRNAR
GROWN UPS 2

SUNNUDAG 28. JÚLÍ KL 8.
MÁNUDAG 29. JÚLÍ KL 8.
ÞRIÐJUDAG 30. JÚLÍ KL 8.





Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTIU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Geirnaglinn ehf

Trésmiðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



**Gámapjónusta
Vestfjarða ehf**

BLÁPOKINN

Fyrir sameigin-
legan úrgang

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Dagar Íslands

25. júlí 1946: Samþykkt var á Alþingi að sækja um inntöku Íslands í bandalag hinna sameinuðu þjóða. Aðildin var samþykkt 9. nóvember og kom til framkvæmda 19. nóvember 1946.

26. júlí 1959: Til mikilla átaka kom á dansleik á Siglufirði þar sem á annað hundrað skip voru í höfn vegna brælu. Tólf menn slösuðust.

26. júlí 1992: Teygjustökk var reynt í fyrsta sinn opinberlega á Íslandi í tilefni fimm ára afmælis hard Rock Café.

27. júlí 1898: Hold sveikra-spítalinn í Laugarnesi var vígður með mikilli viðhöfn. Hann var gjöf til landsstjórnarinnar frá Oddfellowreglunni í Danmörku. Spítalinn var tekinn í notkun 1. október og húsið brann árið 1943.

27. júlí 1987: Ísafjarðarkirkja stórskemmdist af eldi, en þetta var bárujárnsklætt timburhús. Kirkjan var vígð árið 1863.

28. júlí 1974: Þjóðhátíð var haldin á Þingvöllum í blíðskaparveðri. Um fjórðungur þjóðarinnar sótti hátíðina sem var til minningar um 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Á hátíðarfundum Alþingis var samþykkt þingsályktunartillaga um landgræðslu og gróðurvernd.

29. júlí 1977: Þýskur bankaræningi var handtekinn í Reykjavík með 277 þúsund mörk. Fé hafði verið lagt til höfuðs honum erlendis.

30. júlí 1973: Fyrsta skuttogarannum sem smíðaður var á Íslandi, Stálvík SI, var hleypt af stokkunum í Garðabæ.

31. júlí 1992: Fyrsta barnið fæddist eftir glasafrjóvgun hérlandis. Þetta var stúlka sem mældist 14 merkur.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Hæg breytileg átt eða hafgola og sums staðar síðdegisskúrir. Hiti 8-22 stig.

Horfur á laugardag:

Hæg breytileg átt eða hafgola og sums staðar síðdegisskúrir. Hiti 8-22 stig.

Horfur á sunnudag:

Fremur hæg austlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og allvíða skúrir. Heldur kólnandi veður.

Krossgátan

				1	2	3	4	5	6	7	8
	Ágrein- ingur	↘		Umstang	Samhlj.	Skykkjuna	↘	↘			Hund
						Kvað					
						Oddi					
	⇒								4		⇒
	Óður				Forsetn. Leyfi						
	Malbik Ótötlegar				Bor						
Jón Steingr.	↓	Ending	Mann Jarð- eignir					Tónn			↓
								Tala			
Atbeini								7		Tónn	
Reður										Hlifa Grátur	
↘				3	Sérhlj. Heilsu- góðar			Afsvar			
								Elska			
Samhlj.		Átt			Fallin						
Svimar		Arða			Ójafna						
↘			8				Átt		Sólguð		
							Dvelur		Samhlj.		
Baul And- streymi Fart											
Leyni- þjónusta	↘									Samteng- ing	
Stafur	Skass									Fuglinn	
↘			Látæði	2				Reiði- hljóð			
			Illgresi					Hita			
↘					Trúu			1			
					Heiður						
Ragn		Stallur					Sömu			Átt	
Einn		Hátíð					Forföður			Klið	
Mjóður Sómi							6	Dvel			Flökti
								Mjaka			
Aðsetur				Númer		Fúadýið					
Steinninn				↘		R.vík					
5					Hróflaði saman						

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

Jón Steingr.					O					☹	
	E	F	T	I	R	⇒	Ó	H	Ó	F	↻
	K	Á	R	Í	N	A		Ó	M	A	K
E	K	K	A		A	L	D	A		T	E
	I		S	T		T	Á	R	H	A	M
	↓	Ó	S	Ó	M	A		Ö	R	N	U
	S	T	A	M		N	Ó	L	Ó		R
M	Æ	T		A	R	F		D		D	↓
	K	A	N	T	U	R	A	U	M	U	Ö
	J		A	S	M	I	N	N		G	R
T	A	R	F		E	Ð		G	A	B	B
	↻	A	L	L	I	R	↻		S	E	I
A	S	S	A		M	I	S	K	A	R	R
	O	K		R	A	K	A	R	G		G
	L		A	U	R		M	E	R	G	Ð
G	L	O	T	T		H	A	F	E	Á	E
	S	P	I	L	D	A	↻	B	Y	R	L

Sudoku þrautir

1		4	7				8	
7	3		2					
		8		1				
	8	5				6		1
			4		8			
4		9				8	2	
				9		7		
					6		1	8
	7				1	5		3

					8	4	2	
	8	1						5
	4			7	1			
4		7		2				
9								3
				3		1		6
			6	9			3	
7						6	8	
	6	5	7					

TAX FREE DAGAR

Í Hafnarbúðinni dagana 25. – 27. júlí -
afnemunum virðisaukaskatt* af öllum vörum í
búð! Mánudaginn 29. júlí byrjar svo útsalan
af fullum krafti, 30 – 70% afsláttur af
völdum vörum. Komið og gerið góð kaup!

Opið alla virka daga frá 9 – 18
og laugardaga frá 11 – 14.



Hafnarbúðin
s. 456-3245



*Tax free jafngildir 20,32% afslætti, sem er á kostnað Hafnarbúðarinnar.
Virðisaukaskattinum er að sjálfsgöðu skilað til ríkissjóðs.

TIL SÖLU



Miðdalur Bolungavík

Til sölu er jörðin og lögbýlið Miðdalur í Syðridal í Bolungavík. Nánar tiltekið er um að ræða ¾ hluta jarðarinnar, en þar var áður rekið sauðfjárbú. Stærð jarðarinnar er áætluð 350-380 ha og eru ¾ hlutar þess til sölu. Útland er í óskiptri sameign en afgirt land er skipt og þar af tilheyrir um 15 ha þessum ¾ hluta, þar af tæplega 10 ha tún sem hefur verið nytjað. Jörðin er grösug miðað við fjöll og dali Vestfjarða og berjaland ágætt. Veðiðhlunnindi eru í Syðridalsvatni, bæði netaveiði til einkanota og stangveiði. Stangveiðin er á vegum veiðifélags tilheyrandi jarða á vatnasvæði Ósár. Alls skiptist veiðirétturinn í 8 hluta

og tilheyrir einn hlutinn Miðdalsjörðinni allri og eru það því ¾ af einum veiðiréttarhlut sem er til sölu eða 9,375%. Góður vísir er að æðarvarpi með góðum stækkunarmöguleikum. Byggingar á jörðinni eru allar frá árunum 1956 til 1963. Þær eru í góðu ásigkomulagi miðað við aldur. Um er að ræða reisu-legt steinsteypt íbúðarhús á 2 + 1 hæð (þrír pallar), skráð alls 172,5 fm nýtanlegt gólf en grunnflötur alls 126 fm. Húsinu er skipt þannig að í kjallara er bílskúr, þvottahús, búr sem auðvelt að breyta í salernisaðstöðu, kyndiklefi og geymsla með hálfri veggahæð. Á fyrstu hæð er forstofa, rúmgóð stofa, borðstofa (skáli), eldhús, búr, stigahol og eitt svefnherbergi. Á annarri hæð eru þrjú svefnherbergi og baðherbergi (baðkar með sturtu). Geymslurými er á tveimur háloftum. Skápar eru í hjónaherbergi og á gangi á annari hæð. Allir skápar eru upprunalegir sem og aðrar innréttingar í húsinu. Gólfefni eru ýmist dúkar eða teppi. Húsið er kynnt með rafmagnsspiral (túpu) með lokuðu hringrásarkerfi. Tveir þriðju hlutar þaks (bárujárn, einangrun og sperrur) hefur verið endurnýjaður ásamt nokkrum rúðum í húsinu. Þá hafa neysluvatnslagnir verið endurnýjaðar einnig. Útihús eru fjárhús með grunnum kjallara fyrir rúmlega 200 fjár auk þess sem helmingur af þurrheshlöðu hefur verið innréttuður fyrir um 60 fjár. Þá eru tvær votheysgryfjur ásamt litlu fjósi og geymslu (einnig nýtt fyrir fiðurfé). Byggingar aðrar en votheysgryfjur eru bárujárnsklædd timburgrind á steypum sökkli. Jörðin selst án bústofns, véla og greiðslumarks. Þar sem Miðdalur er nærri þéttbýli, er jörðin ákjósanleg til frístundabúskapar með annarri vinnu.



FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Magnús Leópoldsson
Lögg. fasteigna- og skipsali

Hús & hýbýli ehf - kt: 500769-0179 | www.fasteignamidstodin.is
Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogur · Sími 550 3000 · Fax 550 3001



SKRÍMSLAÍS

Skelfilega
góður

